

Nd.

56. Frumvarp til laga

[54. mál]

um útflutningsleyfi o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda.

2. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi 13. gr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er liður í nauðsynlegum breytingum á löggjöf í samræmi við samkomulag milli stjórnarflokkanna þriggja um nýja verkaskiptingu milli viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis, sbr. reglugerð nr. 64 8. júlí 1987, um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands. Með frumvarpinu er stefnt að því að útgáfa útflutningsleyfa verði færð frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins enda er ætlunin að útflutningsverslun heyri framvegis undir utanríkisráðuneytið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 13. gr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nema hvað utanríkisráðuneytið kemur í stað viðskiptaráðuneytisins.

Um 2. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2.–3. mgr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. breytingu á sektarmörkum skv. 33. gr. laga nr. 75/1982.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.